

Ritstjóri: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir **Ábyrgðarmaður:** Berglind Stefánsdóttir, formaður FH **Ljósmyndir:** Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Bára.
Prófarkalestur: Kristín Irene Valdemarsdóttir. **Prentvinnsla:** Félagsprentsmiðjan ehf. **Upplag:** 1200 eintök **Útgefandi:** Félag heyrnarlausra, Laugavegi 26, 101 Reykjavík, Sími: 551-3560 (tal) Fax: 551-3567 **Félag heyrnarlausra er aðili að:** Dövas Nordiska Råd (DNR), World Federation of the Deaf (WFD) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ). **Stjórn Félags heyrnarlausra skipa:** Berglind Stefánsdóttir, formaður Júlía G. Hreinsdóttir, varaformaður Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritari Margreth Hartvedt, meðstjórnandi **Í varastjórn eru:** Unnur Dóra Norðfjörð og Guðrún Ólafsdóttir.

STUTTMYNDAHÁTÍÐ HEYRNARLAUSRA

Í byrjun október hófust Menningar-
dagar heyrnarlausra og var Stuttmynda-
hátíð í Loftkastalanum fyrsti dagskrárliður
hátíðarinnar. Þar voru sýndar stuttmyndir
frá Noregi, Spáni, Póllandi og Argentínu.
Með stuttmyndunum frá Noregi komu
hingað til lands leikstjórar þeirra Cornelis
Mehlum sem gerði stuttmyndina „Portu-
gal“ og Mira Zuckerman sem gerði stutt-
myndina „Vennskap“. Við opnun hátíðar-
innar var fjölmenni og létu Hr. Ólafur
Ragnar Grímsson forseti Íslands, Sigríður
Anna Þórðardóttir alþingiskona og
Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður
sjá sig, auk þess var fulltrúum Reykja-
víkurborgar, Öryrkjabandalags Íslands og
öðrum aðilum sem tengjast Félagi heyrnarlausra á einn eða
annan hátt var einnig boðið. Opnunarkvöld Stuttmynda-
hátíðarinnar tókst vel, en ekki verður það sama sagt um aðra
sýningu en á hana kom enginn. Er það mál manna að



Mira Zuckermann og Cornelius Mahlum með Hr. Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands á milli sín.

kynning á starfsemi og menningu heyrnarlausra sé svo ný af
nálinni að fólk hafi enn ekki áttað sig á þessum áður
einangraða hópi. Við skulum hinsvegar vona að þessi stutt-
myndahátíð verði ekki sú síðasta heldur verði kvik-
myndahátíð af þessu tagi fastur liður í
menningarstarfsemi heyrnarlausra á komandi
árum.


Mynd Miru Zukermann var sýnd fyrst.
Áður en myndin hófst kynnti Mira myndina.
Hún sagði frá því að með mynd sinni vildi
hún sýna að heyrnarlaus börn eru á margan
hátt eins og heyrandi börn. Þau hafa sömu
tilfinningar geta orðið reið hvort við annað og
góð þess á milli. Í myndinni sýnir hún þessi
viðbrögð vel. Myndin fjallar um tvær
heyrnarlausar vinkonur sem báðar æfa sund,
þær æfa af kappi fyrir keppni sem í bígerð er.
Á einni æfingunni rétt fyrir keppnina glatar
önnur þeirra fallegu hálsmeni. Hana grunar



Gestir við opnun stuttmyndahátíðarinnar í Loftkastalanum.

Framhald á síðu 2

Íslenskt *táknmál* er okkar mál



Ritstjóra**PISTILL**

Nú kemur fjórða tölublað Döffblaðsins út í ár. Efni blaðsins er fjölbreytt. Meginþema blaðsins er um Menningardaga heyrnarlausra, sem haldnir eru hér á landi í fyrsta sinn og verða vonandi árviss viðburður á haustdögum næstu árin.

Menning heyrnarlausra er einstök, hún er afar gróskumikil ekki síður en gerist heyrandi heimi. Menning heyrnarlausra er oft meira sjónrænni en gerist í menningu heyrandi, hljóð er aukaatriði, þó það sé vissulega fyrir hendi. Hljóðlaus menning heyrnarlausra getur þó líka snert heyrandi eins og kemur fram í viðtali við Cornelis Mehlum hér í blaðinu en hann gerði stuttmynd án hljóðs og lét hinn sjónræna þátt njóta sín sem best í stuttmyndinni Portugal, það er kannski sönnun þess að hljóðið er orðið of yfirþrymandi í allri menningu heyrandi þannig að hið sjónræna vill stundum gleymast. Hljóðið er líka stór hluti af menningu heyrandi og verður það alltaf, fólk er háð hljóðinu í öllu sínu daglega lífi. Ég var áþreifnlega vör við það þegar ég þurfti á þjónustu leigubíls að halda um daginn og áður en lagt var af stað spurði bílstjórinn mig á hvaða stöð í útvarpinu ég vildi hlusta, svona á meðan akstrinum stæði. Þessi litla spurning sýnir okkur að fjölmiðlar á öldum ljósvakans hafa mikil tækni í fólki og fólk á erfitt með að vera án þeirra. Skyldi vera búið að rannsaka hversu mkinn tíma útvarpshlustun tekur í vinnu fólks dags daglega. Hvernig myndi það líta út ef heyrnarlausir myndu krefjast þess að hafa sjónvarp á vinnustað til að geta fylgst með því sem er í sjónvarpinu á vinnutíma eða textavarpinu á sama hátt og heyrandi fylgist með útvarpi í vinnutíma. Þetta er áhugaverð spurning og e.t.v. verður henni aldrei svarað en allt þetta er spurning um aðgengi heyrnarlausra að samfélaginu.

SMS

vinkonu sína um græsku og verður henni reið og sár og þar með upphafst misskilningur sem endar, sem betur fer, með sáttum þegar það uppgötvast að hálsmenið glataðist.

Ég hafði gaman af því að horfa á myndina og sjá hvernig samskipti þessara tveggja vinkvenna gengu fyrir sig.

Stuttmynd Cornelis Mehlum heitir „Portugal“ og er nokkurskonar „profil“ mynd en þaðan er nafnið „Portugal“ komið á hana. Cornelis sagði sjálfur í stuttri kynningu áður en myndin hófst að markmiðið hefði verið að gera myndina á ljóðrænu formi. Hún er gerð í anda og tónlistar-myndbandanna í MTV, nema hún er án hljóðs, sjónræni þátturinn fær því vel að njóta sín.

Það má aldeilis segja að myndin næði tókum á manni vegna þess að það má segja að ég hafi hreinlega svifið á meðan ég horfði á myndina í þær 7½ mínútu sem hún stóð yfir.

SMS



Berglind Stefánsdóttir formaður FH afhendir forseta Íslands mynd eftir heyrnarlausu listakonu, Sunnu Davíðsdóttur, að gjöf. Tvö heyrnarlaus börn, Aðalsteinn Sæmundsson og Sunna Dögg Scheving aðstoða Berglinni að afhenda gjöfina.

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi heyrnarlausra var hafin söfnun fyrir brunavarnarkerfi í félagsheimili Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning.

Reykjavík

A. Karlsson, Bráutarholti 28
Andrés, fataverslun, Skólavörðustíg 22a
Aringerðin Eldon, Fannafold 97
Arkitektastofan Ormar Þ Guðmundsson, Borgartúni 17
Augað sf, gleraugnaverslun, Kringlunni 8-12
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2
Áhöld sf, véla- og tækjaleiga, Siðumúla 22
Árbæjarapótek, Hraunbæ 102b
Árbæjarblóm, Rofabæ 23
Árvakur hf, Kringlunni 1
Bakaríð Grímsbæ, Efstalandi 26
Barðinn hf, Skútuvogi 2
Bergsteinn hf, verkatar, Fells múla 26
Bifreiðaverkstæði HP, Hamarshöfða 6
Bilahornið Stilling ehf, Skeifunni 11
Bilanaust hf, Borgartúni 26
Bilasprautun-réttingar sf, Vagnhöfða 16
Borgartell ehf, heildverslun, Skólavörðustíg 23
Bókabúð Árbæjar, Hraunbæ 102
Breiðfjarðs blíkismíða ehf, Köllunarkleppsvægi 4
Breiðholtiapótek, Álfabakka 12
Brimborg ehf, Faxafeni 8

Búli sf, Krókhálsi 10
Byggingafélag Gylfa & Gunnars - Blokkvante einingahús, Borgartúni 31
Dagsbrún, verkamannafélag, Skipholti 50D
Demantahúsið hf, Kringlunni 4
Dún- og fíðurhreinunin, Vatnsstíg 3
Eddafótið, kortaútgáfa, Grettisgötu 18
Eðalmúr hf, Stórhöfða 22
Eignamiðlunin hf, Siðumúla 21
Eirný Ásgeirsdóttir, Bráutarholti 29
Endurskoðunarskrifstofa Eyjólf Guðmundssonar, Laugavegi 178
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Farmasia hf, heildverslun, Siðumúla 32
Fasteignamiðlunin, Suðurlandsbraut 12
Fálkinn hf, Suðurlandsbraut 8
Féðafélag Íslands, Mörkinni 6
Féðaskrifstofa Íslands, Skógarhlíð 18
Feró sf, Steinasel 6
Félag einstæðra foreldra, Tjarnargötu 10d
Fiskveiðisjóður Íslands, Suðurlandsbraut 4
Forsjá, Skólavörðustíg 3
Framsókn, verkamannafélag, Skipholti 50a



MatreiðsluHORNID

Jóhanna Ásdís Þorvaldsdóttir, fyrrverandi deildarstjóri túlkabjónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra tók áskorun Kristjónu Mjallar Sigurðardóttur ráðgjafa hjá Félagi heyrnarlausra vel og gaf „Matarhorninu“ uppskrift af heilsoðnum laxi. Jóhanna Ásdís skorar á Elfu Bergsveinsdóttur túlk, að leggja fram uppskrift í næsta blað.

HEILSOÐINN LAX (uppskrift fyrir 4)

2 kg. lax
1 stk. sítróna
salt

MEÐLÆTI:
soðnar kartöflur
smjör

HRÁSALAT:
kínakál
agúrkur
tómatar
paprika
rauð
gul
græn
lítill laukur
blaðlaukur



AÐFERÐ:

Stillið ofninn á 150 þvoið og hreinsið fiskinn frá hausi að sporði (hausinn má vera með, ef vill). Álpappír nokkru lengri en fiskurinn er smurður með olíu og fiskurinn lagður á álpappírinn, sítrónusafa hellt yfir og saltað eftir smekk, því næst er fiskurinn vafinn inn í álpappírinn og honum komið fyrir inn í ofninum. Fiskurinn er soðinn í 40 mínútur. Borið fram hrásalati, soðnum kartöflum og smjöri. Verði ykkur að góðu!

AUGLÝSING FRÁ RITSTJÓRA

Síðasti skiladagur á efni fyrir
næsta DÖFFBLAÐ er

20. nóvember 1997.

SMS

AUGLÝSING FRÁ SAMSKIPTAMIÐSTÖÐ HEYRNARLAUSRA OG HEYRNARSKERTRA

VANTAR ÞIG TÚLK?

Ef þig vantar túlk er mikilvægt að pöntunin fari fram í gegnum Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Sími: 562-7702 eða 562-7738
Textasími: 562-7789
Fax: 562-7714

Best er að pöntunin sé gerð með góðum fyrirvara (a.m.k. viku fyrirfram). Ef um neyðartúlkun er að ræða, utan dagvinnutíma, er hægt að hringja í síma 555-1268 og tala við Valgerði Stefánsdóttur sem mun finna túlk í verkefnið.

Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra
Túlkabjónusta



BrandaraHORNID

Í síðasta tölublaði gaf Gunnar Salvarsson fréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu okkur brandara. Gunnar skoraði á Guðmund Ingason og við rukkuðum hann um brandara og hér koma þrír góðir. Guðmundur skorar á Daða Hreinsson handboltapjálfa ÖGRA að koma með brandara um heyrnarlausu í næsta blað.

* Hver er munurinn á heyrandi og heyrnarlausu fólki?
Svar: Heyrnarlaust fólk er handsterkara.

* Þjónn! Hvað er í súpunni minni?

Þjónn: Ahhh, þarna er heyrnartækið mitt, ég var að leita að því!

* Tveir heyrnarlausir vinir hittust á kaffihúsi.

Annar spyr: Hva, komstu út?! Hvað segir konan við því?

Hinn: Ekki neitt, hún var sofandi.

FÉLAG HEYRNARLAUSRA Á VERALDARVEFNUM (INTERNETINU)

Nú er Félag heyrnarlausra komið á Veraldarvefinn.

Slóðin er: <http://www.itn.is/~hokki/fh/>



Fólk lét veðrið ekki mikið á sig fá, mætti með regnhlíf. 🖱️

DAGUR HEYRNARLAUSRA

Dagur heyrnarlausra var haldinn 28. september s.l. Að venju var haldin messa á Ingólfstorgi undir stjórn Sr. Miyako Þórðarson. Árný Jóhanna Sigurjónsdóttir og Margreth Hartvedt héldu ræður. Barnakór Biskupstungna söng og táknmálskórinn undir stjórn Eyrúnar Ólafsdóttur söng á táknmáli. Eftir messu lagði fólk leið sína á kaffihús í nágrenninu sem voru með ýmis tilboð í gangi í tilefni dagsins. Dagur heyrnarlausra var óvenju stuttur að þessu sinni en í stað hans verður boðið upp á sex vikna dagskrá á Menningardögum heyrnarlausra sem allir geta sótt, bæði heyrnarlausir og heyrandi.



Sr. Miyaho Þórðarson messar á Ingólfstorgi í tilefni af Degi heyrnarlausra. 🖱️



🖱️ Fjöldi fólks mætti þrátt fyrir veðrið.

GJÖF TIL SUMARBÚSTAÐARINS Í SKORRASÆLI Í SKORRADAL

Fyrirtækið Bræðurnir Ormsson gáfu í sumarbústað Félags heyrnarlausra nú í vor veglega ryksugu af gerðinni AEG 8650 (sjá mynd). Þessi gjöf þeirra mun án efa koma sér vel við hreingerningu í sumarbústaðnum og vill Félag heyrnarlausar og sumarbústaðanefnd Félags heyrnarlausra koma á framfæri bestu þökkum til Bræðranna Ormsson fyrir rausnarlega gjöf þeirra.



FUNDUR NORÐURLANDARÁÐS HEYRNARLAUSRA

Fundur Norðurlandaráðs heyrnarlausra (DNR) verður haldinn í Osló í Noregi dagana 25. - 26. október n.k. Fulltrúar Íslands á fundinum verða Berglind Stefánsdóttir, formaður Félags heyrnarlausra og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritari Félags heyrnarlausra. Á þessum fundi verður farið yfir verkefnalista allra landssambanda heyrnarlausra á Norðurlöndum og framkvæmdir hans ræddar.

OPIÐ HÚS

Opið hús er fyrir aldraða á hverjum fimmtudegi kl. 10:00 í Dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra í Vinahlíð við Vesturhlíð í Reykjavík.

NÝ ÞJÓNUSTA

Leigubíll getur sótt eldri borgara, sem búa í heimahúsi, í messu. Nauðsynlegt er að panta far fyrir kl. 12:00 á laugardegi fyrir hvern messudag í síma 553-8616 hjá Sr. Miyako Þórðarson.

SÚPA OG BRAUÐ

Á hverjum föstudegi kl. 12.00 er seld súpa og brauð í félagsheimilinu Laugavegi 26, Rvík. Verð kr. 250,- Allir velkomnir

AUGLÝSING FRÁ KIRKJU HEYRNARLAUSRA

Messað verður í
Grensáskirkju sem hér segir:

Sunnudaginn 9. nóvember kl. 14:00
Sunnudaginn 14. desember kl. 14:00
Jólamessa 26. desember kl. 14:00

TILKYNNING UM BREYTT SÍMANÚMER

í Vesturhlíðarskóla
- skóla fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn
Vesturhlíð 3 - 105 Reykjavík

520 6000 skrifstofa/skiptiborð
(opið 08:00 - 14:00)
520 6015 skrifstofa/textasími
561 6750 skrifstofa/fax
520 6001 skólastjóri
520 6002 skólastjóri/textasími
520 6005 félagsráðgjafi/sálfræðingur
520 6009 mötuneyti
520 6010 félagsmiðstöðin Stjörnubær
520 6018 félagsmiðstöðin
Stjörnubær/textasími
520 5011 leikskóladeild

DAGSKRÁ FÉLAGS HEYRNARLAUSRA – og klúbbastarf til jóla

Fös. 7. nóv. kl. 13:15	Fyrirlestur frá Umferðarráði um punktakerfið í umferðinni
Fös. 14. nóv. kl. 13:15	Fyrirlestur frá Vátryggingafélagi Íslands (VÍS) um almenn öryggismál
Fös. 21. nóv. kl. 20:00	Fyrirlestur frá Krabbameinsfélagi Íslands, almenn fræðsla
Fös. 28. nóv. kl. 20:00	Fyrirlestur um Evrópuráð heyrnarlausra, Berglind Stefánsdóttir formaður FH heldur fyrirlesturinn
Þri. 2. des. kl. 20:00	Konfektkyrning, leiðbeinandi Hilmar Jónsson fyrrverandi matreiðslumaður á Bessastöðum
Fös. 12. des. kl. 18:00	Jólahlaðborð. Farið með rútu á Veitingarstaðinn Básar í Efstalandi, Ölfusi við rætur Ingólfsfjalls, þar sem landnámsmaðurinn Ingólfur Arnarsson hafði vetursetu fyrir um 1100 árum. Auglýst betur síðar
Sun. 14. des. kl. 15:00	Jólaball fyrir fólk á öllum aldri frá 0-100 ára.

VIÐURKENNING Á ÍSLENSKU TÁKNMÁLI

sem móðurmáli heyrnarlausra forgangsverkefni Félags heyrnarlausra

Aðalviðtal Döffblaðsins að þessu sinni er við Hafdís Gísladóttur nýráðinn framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra.

Hafdís tók vel í beiðni ritstjóra um viðtal, enda er hún afskaplega hress kona og lætur ekkert framhjá sér fara sem snertir málefni heyrnarlausra.

Hafdís er alin upp á Akureyri og útskrifaðist úr Fósturskóla Íslands árið 1983, eftir nám lá leiðin til Noregs í Sérkennsluháskólann í Osló. Þar lauk hún námi sem leikskólakennari með sérmenntun í kennslu heyrnarlausra barna („audiopedagog“). Lokaritgerð hennar hét „Hvaða gildi hafa fjölmiðlar fyrir heyrnarlausra“, þar skoðaði hún möguleika heyrnarlausra til að nýta sér fjölmiðla og lagði sérstaka áherslu á að athuga skilning heyrnarlausra á táknmálsfréttunum í íslenska Ríkissjónvarpinu. Leiðbeinandi hennar var Odd-Inge Schroder. Eftir Noregsvölina flutti hún til Svíþjóðar og bjó þar í þrjú ár. Árið 1990 flutti hún aftur

til Íslands og hóf störf í Heyrnleysingjaskólanum sem nú heitir Vesturhlíðarskóli, þar starfaði hún í tvö ár. Síðan lá leiðin í leikskólann Fálkaborg. Á meðan hún vann í Fálkaborg fékk hún, ásamt S. Heiðu Steinsson, styrk frá Þróunarsjóði leikskóla til að hrinda af stað þróunarverkefni sem bar nafnið „Tvítyngd leikskóladeild“, en á Fálkaborg voru nokkur heyrnarlaus börn ásamt heyrandi börnum. Þegar starfinu á Fálkaborg lauk, árið 1994, hóf Hafdís störf á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og vann þar þangað til hún var ráðin framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra síðastliðið vor. Á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra átti hún meðal annars sæti í teymi sem vinnur að því að skipuleggja ráðgjöf fyrir foreldra heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Hafdís er gift Ólafi Ingimarssyni, tjónaskoðunarmanni hjá VÍS og þau eiga einn son, Steinar 9 ára.

Jæja Hafdís, nú þegar þú hefur nýhafið störf sem framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra - hvernig leggst starfið í þig?

Það leggst mjög vel í mig og það hefur verið heilmikið að gera síðan ég byrjaði. Sérstaklega í tengslum við Menningardaga heyrnarlausra sem nú standa yfir. Auk þess hefur verið spennandi að fást við mörg önnur mál sem tengjast hagsmunum heyrnarlausra, beint eða óbeint. En í þessu sambandi vil ég bæta við að mér hefur verið afar vel tekið af öllum og þá ekki sist af félögum í Félagi heyrnarlausra.

Hver eru aðalhagsmunamál Félags heyrnarlausra og hvernig verður unnið að þeim?

Ef ég ætti að forgangsraða þeim verkefnum sem fyrir hendi eru þá verður aðaláherslan lögð á viðurkenningu íslenska táknmálsins sem móðurmál heyrnarlausra. Svo koma auðvitað önnur brýn mál, s.s. textun á íslensku sjónvarpsefni.

Nú stendur yfir á Alþingi vinna sem miðast að því að fá íslenska táknmálið viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, auk þess sem átakið „Íslenskt táknmál er okkar mál“ stendur yfir en Skeljungur hf. hefur stutt það átak. Þessu til viðbótar má nefna að 1. júlí síðastliðinn tóku gildi ný lög um réttindi heyrnarlausra til táknmálstúlkunnar, þau lög tryggja heyrnarlausum táknmálstúlkun í heilbrigðiskerfinu en nú fylgjumst við vel með hvernig lögin virka. Eins og ég nefndi

áður standa Menningardagar heyrnarlausra yfir um þessa dagana og málefni heyrnarlausra hafa mikið verið rædd og kynnt í því sambandi. Öll kynningarstarfsemi er hluti af stærri heild sem ýtir okkur nær aðalmarkmiðinu sem er að fá íslenska táknmálið viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Þegar íslenska táknmálið hefur fengið viðurkenningu getur Félag heyrnarlausra byrjað að einbeita sér að öðrum málum, s.s. textun á íslensku sjónvarpsefni og tryggara aðgengi fyrir heyrnarlausa í samfélaginu.

Nú stendur undirbúningur fyrir Menningardaga heyrnarlausra yfir - viltu segja lítillega frá þeim og tilgangi þeirra?

Markmiðið með Menningardögum heyrnarlausra er að kynna list og menningu heyrnarlausra. Dagskráin er aðgengileg, bæði heyrnarlausum og heyrandi.

Nú þegar höfum við staðið fyrir stuttmyndahátíð í Loftkastalanum en í tengslum við hátíðina buðum við hingað til landsins Cornelis Mehlum og Miru Zukermann, en þau gerðu stuttmyndir sem sýndar voru á hátíðinni og fengu fyrir þær verðlaun á alþjóðlegri stuttmyndahátíð heyrnarlausra í Búdapest í Ungverjalandi á síðasta ári.

Auk stuttmyndahátíðarinnar verður boðið upp á ljóðakvöld í Þjóðleikhúskjallaranum, myndlistarsýningu og barnaleikrit sem túlkað verður á táknmáli. Hápunktur hátíðarinnar verður hinsvegar sýning „Tyst Teater“ frá Svíþjóð á verkunum Little Mahagonny eftir Bertholt Brecht og einleik

eftir Shakespeare, en leikhópurinn mun koma hingað til lands um miðjan nóvember. Þetta er áhugaverð sýning og það verður gaman að sjá þessi tvö leikrit, en í leikhópnum eru einungis heyrnarlausir leikarar og leikstjórar. Áætlað er að sýningar leikhópsins verði í Loftkastalanum. Ég vona að sem flestir sjái sér fært að mæta enda ekki á hverju ári sem við fáum svo góða gesti til landsins. Helst vildum við sjá sem flesta heyrnarlausra og heyrandi en sýningin höfðar til beggja hópa.

Hvernig er fjármögnun Félags heyrnarlausra háttað og hverju er mest ábótavant?

Um 20% tekna Félags heyrnarlausra er opinbert fjármagn en afgangurinn kemur frá tekjuöflun félagsins s.s. happadrættissölu og ýmsu öðru. Þau 80% sem félagið aflar eru afar óörugg aðallega vegna þess að svo mörg félög bitast um sama markað og einsog er er markaðurinn mettur. Þar af leiðandi hefur fjármögnun félagsins verið stopul undanfarin ár. Í framtíðinni tel ég brýnt að Félag heyrnarlausra tryggi sér lágmarksupphæð frá opinberum aðilum til þess að geta staðið undir rekstri og annarri þjónustu sem félagið býður félagsmönnum sínum.

Sérðu fram á að textun á íslensku sjónvarpsefni verði að raunveruleika innan fárra ára og hvernig hyggst félagið beita sér í þessu máli?

Ég tel textun á íslensku sjónvarpsefni raunhæft réttindamál. Nauðsynlegt er að Félag heyrnarlausra beiti sér fyrir þessu máli og minni á að textun er sjálfsgöð krafa fyrir þá sem ekki heyra hvað fram fer í þessum öflugum miðli, sjónvarpinu. Nú hefur nefnd, sem hefur þann meginstarfa að skoða málefni heyrnarlausra frá öllum hliðum, verið skipuð af forsætisráðherra. Félag heyrnarlausra verður að vinna markvisst að því að „mata“ nefndina upplýsingum um hverjar þarfir og væntingar heyrnarlausra og heyrnarskertra eru. Meðal þeirra mála sem við setjum á oddinn verður að sjálfsgöðu textun á íslensku sjónvarpsefni og viðurkenning íslenska táknmálsins sem móðurmál heyrnarlausra, þar sem þessi tvö mál eiga jú samleið. Í þessu sambandi má nefna að textun á íslensku sjónvarpsefni er ekki einkamál heyrnarlausra heldur snertir þetta mál einnig alla þá sem hafa litla sem enga heyrn. Sá hópur er nokkuð stór, þar sem talið er að um 25.000 manns tilheyri honum. Ég vona auðvitað að allir geti lagst á eitt við að gera textun á íslensku sjónvarpsefni að veruleika, í þessu sambandi væri auðvitað nauðsynlegt að Félag heyrnarlausra gæti tengst öðru félagi sem hefði sama markmið að leiðarljósi, vegna þess að því fleiri sem við erum því öflugri verðum við í baráttunni um að þetta mál fái farsæla lausn.

Félag heyrnarlausra var stofnað 1960 og er því að nálgast „fertugsaldurinn“, oft hefur verið sagt að „lífið byrji um fertugt“ eða „allt er fertugum fært“ - hvernig sérð þú Félag heyrnarlausra fyrir þér þegar það verður fjórutíu

ára og hvernig vildir þú að hagsmunamálum þess væri háttað?

Þetta er stór spurning. Ég trúi því að þegar viðurkenning á íslenska táknmálinu sem móðurmáli heyrnarlausra er í höfn auki það möguleika og þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu almennt. Starfsemi Félags heyrnarlausra mun þá mögulega breytast á einhvern hátt, þó mun Félag heyrnarlausra alltaf vera hagsmunafélag heyrnarlausra og standa vörð um hagsmuni heyrnarlausra, ungra jafnt sem aldraðra. Almennt eru félagsmenn Félags heyrnarlausra meðvitaðri um stöðu sína í samfélaginu, menningu sína og íslenska táknmálið en fyrir 30 árum og þetta gefur þeim sterkari sjálfsmynd og



Hafdis Gísladóttir framkvæmdastjóri FH. Í nógu að snúast.

fullorðnir heyrnarlausir verða að fyrirmyndum heyrnarlausra barna. Mér finnst framtíðarþróunin felast í öflugri þjónustu við heyrnalaus börn þar sem Félag heyrnarlausra gæti farið með einskona upplýsingahlutverk þannig yrðu heyrnarlaus börn upplýst um mál, samfélag og menningu heyrnarlausra, vegna þess að börnin eru félagsmenn framtíðarinnar. Að lokum vonast ég til að sjá sem flesta á Menningardögum heyrnarlausra og á ég þar bæði við heyrnarlausra og heyrandi.

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi heyrnarlausra var hafin söfnun fyrir brunavarnarkerfi í félagsheimili Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning.

Reykjavík

G Hannesson Company, Borgartúni 23
Garðs Apótek við Réttarholtsveg, Sogavegi 108
Gissur og Pálmi hf, byggingaverktaki, Staðarseli 6
Gistheimili Mattheu, Bugðulæk 13
Glófaxi ehf, blökkmiðja, Ármúla 42
GS varahlutir, Hamarshöfða 1
Guðlaugur A Magnússon sf, gjafavörðslun, Laugavegi 22a
Guðrún hf, ítískuverslun, Rauðarárstíg 1
Gullsmíðaverslun Hjalmar Torfasonar, Laugavegi 71
Gunnar B Sigurðsson, öðukennari, Fífuseli 7
Gunnar Eggertsson hf, Sundagörðum 6
Gústaf Þór Tryggvason hrl., Tjarnargötu 10d
Hafróss ehf, Austurstræti 6
Hagvangur hf, ráðningaþjónusta, Skeifunni 19
Hampiðjan hf, Bildshöfða 9
Harðviðarval hf, Krókhálsi 4
Háaleitis Apótek, Háaleitisbraut 68
Hárgreiðslumeistarafél Íslands, Hallveigarstíg 1

Hárgreiðslustofa Heiðu, Álfheimum 11a
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur, Miðleiti 7
Hárgreiðslustofan Hödd, Grettisgötu 62
Hársnyrtistofa Dóra, Langhóltsvegi 128
Háskólafrjölritun, Suðurgötu 3
Heildverslun Stgr, Thorleifssonar, Siðumúla 17
Heildverslunin Kjaraberg, Vesturbergi 185
Hitaveita Reykjavíkur, Grensásvegi 1
Hlífl, lífeyrissjóður, Borgartúni 18
Hlöllabátar, Stórhöfða 17
Hreingerningaráþjónusta, Reykjavíkuregi 48
Hreinn, efnaug, Hólagarði
Hreinsunardeild Reykjavíkur, Skólátúni 2
Hugfang, Skólátúni 6
Hurðaborg Crawford hurðir, Skútuvogi 10c
Húsakaup sf, fasteignasala, Suðurlandsbraut 52
Húsaklæðning hf, Rauðagerði 48
Húsnæðing, Laufásvegi 2a
Húsun hf, trésmíðja, Hamarshöfða 6
Hörður Sveinsson og co ehf, Bildshöfða 16

NORRÆNT MÓT ALDRAÐRA HEYRNARLAUSRA

í Svíþjóð 26. júní - 6. júlí 1997

Frá Íslandi fóru sjö manns, Agnes Eiríksdóttir, Sverrir Gunnarsson, Árni Sigurbjörnsson, Hermann Guðjónsson, Þórarinn Marteinn Friðjónsson og fararstjórnir Vilhjálmur G. Vilhjálmsson og Sigurjóna Sigurbjörnsdóttir sem túlkaði fyrir hópinn.

Hópurinn lagði af stað frá Íslandi snemma á sunnudagsmorgni 29. júní og lenti í Stokkhólmi um hádegisbil í 30 hita. Við fengum okkur leigubíl inn í miðborgina að Hótelinu, City Hotel við Kungsgata 47. Þetta var ágætis hótél, það var snyrtilegt og við fengum ágætis þjónustu. Morgunmatinn fengum við upp á herbergi á hverjum morgni, ekki á bakka heldur í brúnum bréfpoka sem hengdur var á hurðarhúnninn við hvert herbergi. Í pokanum var brauð, álegg, te, kaffiduft og appelsínusafi. Sjálf hituðum við vatn í kaffið eða teið á herbergjunum.



Árni og Agnes í góðum félagsskap. Myndin er tekin við komu til eyjarinnar Utö.



Siglt um síki Stokkhólms. Íslenskir þátttakendur frá vinstri: Árni, Agnes, Þórarinn Marteinn, Sverrir og Hermann.

Allan tímann var gott veður, það rigndi aldrei og hitinn var um 20-30. Við vorum heppin að brenna ekki og margir tóku heilmikinn lit. Þessa viku notuðum við tækifærið, ferðuðumst mikið og sáum margt.

Á mánudeginum 30. júní fórum við í siglingu um síki Stokkhólms en eftir siglinguna fórum við í rútuferð með leiðsögumanninum Hagan Frandéd sem var okkur innan handar þessa viku. Hann sagði frá helstu byggingum í Stokkhólmi og sýndi okkur meðal annars Vasasafnið.

Á þriðjudeginum 1. júlí fórum við í siglingu og skoðuðum eyjuna Utö sem er þekkt og mjög falleg eyja. Við gengum um og skoðuðum m.a. járn námur frá árinu 1100.

Á miðvikudeginum 2. júlí höfðum við frjálssar hendur,

MENNINGARDAGAR HEYRNARLAUSRA

Miðvikudaginn 29. október verður barnaleikritið „Loft-hræddi Örninn Örvar“ flutt í Vesturhlíðarskóla (mötuneyti). Leikari er Björn Ingi Hilmarsson og táknmálstúlkur verður Sigrún Edda Theodórsdóttir. Sýningin hefst kl. 15.00. Miðaverð er kr. 800,- og eru miðar seldir í Félagi heyrnarlausra, Laugavegi 26 í Reykjavík. Sími 561 3560 og fax 551 3567.

Mánudaginn 3. nóvember sýnir Tyst Teater frá Svíþjóð leikritið „Lilla Mahagonny“ eftir Bertholt Brecht í Loftkastalanum kl. 20.00. Þessi leikhópur er skipaður einungis heyrnarlausum leikurum og er fer sýningin að sjálfsögðu fram á táknmáli. Miðaverð er kr. 1.700,- og eru miðar seldir í Loftkastalanum.

Þriðjudaginn 4. nóvember sýnir Tyst Teater „Shakespearean hit parade“ kl. 20.00 í Loftkastalanum en þetta er verk þar sem sýndir eru valdir kaflar úr verkum Shakespears. Sýningin fer fram á táknmáli. Miðaverð er kr. 1.700,- og eru miðar seldir í Loftkastalanum.

Miðvikudaginn 5. nóvember sýnir Tyst Teater leikverkið „Mirad- drengur frá Bosníu“ í Félagi heyrnarlausra, Laugavegi 26 í Reykjavík kl. 15.00. Þetta verk er ætlað börnum 9 ára og eldri og fjallar það um líf Mirad sem býr í Bosníu og hvernig hann upplifir stríðsátökin í landinu. Á eftir sýningunni fer fram umræða þar sem rætt er um verkið.

Allar nánari upplýsingar um Menningardaga eru í síma 561 3560 eða faxi 551 3567.



Sigurjóna fararstjóri of túlkur ásamt öðrum fararstjórum á mótinu

sumir lúrdú frameftir degi en aðrir fóru í verslunarleiðangur.

Á fimmtudeginum 3. júlí var farið í siglingu út í Drottningarhólm þar sem kóngurinn og drottningin halda til, þar er einnig kastali og gamalt leikhús sem við skoðuðum. Eftir að hafa gengið um eyjuna og litið á það markverðasta sigldum við tilbaka og fórum í gönguferð um Gamla Stan ásamt leiðsögumanninum Hagan.

Á föstudeginum 4. júlí var farið í langa rútuferð til Uppsala og staðurinn skoðaður. Við fórum í messu í Dómkirkju Uppsala og skoðuðum staðinn á eftir. Að því loknu keyrðum við til Vaxhólms þar sem við tókum bát út í litla eyju þar sem Vaxhólmkastali er staðsettur, en í kastalanum borðuðum við kvöldverð. Eftir kvöldverðinn héldum við tilbaka til Stokkhólms.

Á laugardegnum 5. júlí keyrðum við í fræðslumiðstöð heyrnarlausra í Solbacken. Þar dvöldum við allan daginn og skoðuðum svæðið. Þetta var yndislegur staður sem býður upp á margt, þar er meðal annars hægt að leigja sumarhús. Þar sem þetta var síðasti dagurinn í Svíþjóðarferðinni héldum við einskonar kveðjuhóf á Solbacken. Hver hópur

sagði frá sínu landi og hvernig aldraðir heyrnarlausir hefðu það, auk þess þakkaði hver hópur fyrir sig og færði Svíunum gjafir, íslenski hópurinn gaf fallega klukku sem búin var til úr hrauni.

Eftir ferðina til Solbacken var farið heim á hótél með rútu, þar gafst tími til að kveðja alla og pakka niður áður en gengið var til hvílu.

Á sunnudeginum 6. júlí höfðum við góðan tíma til að koma okkur af stað heim. Við tókum leigubíl út á flugvöll og flugum frá Svíþjóð kl.13:25 og lentum kl.14:55 íslenskum tíma.



Haldið heim til Íslands. Vilhjálmur fararstjóri skálar fyrir góðri viku í Svíþjóð.

Ferðin var í alla staði vel skipulögð, þar sem Anna Jóna Lárusdóttir var búin að vinna vel og lengi að skipulagningu hennar. Allir fengu mikið út úr ferðinni, farið var í göngferðir, á veitingahús og heyrnarlausir í Stokkhólmi heimsóttir. Næsta mót aldraðra verður haldið í Danmörku 1999.

*Vilhjálmur G. Vilhjálmsson og
Sigurjóna Sigurbjörnsdóttir, fararstjórar.*

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi heyrnarlausra var hafin söfnun fyrir brunavarnarkerfi í félagsheimili Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning.

Reykjavík

Íðunnar Apótek, Domus Medica
Ísartín hf, Nóatúni 17
Ísleifur Jónsson hf, Bolholt 4
Íslenska útvarpsfélagið hf, Lynghalsi 5
Íslenskar sjóvarafurðir hf, Laugavek 2a
Íslenskur heimilisbúnaður, Hafnarstræti 3
Ísloft, blökk og stálsmíðja hf, Bildshöfða 12
Jazzballetskóli Bóru, Lögumla 9
Jónsson & Júlíusson, Áegisgötu 10
Kemhydro-salan, heildsala, Snorrabraut 87
Kóral hf, Vesturgötu 55
KPMG - Endurskoðun hf, Vegmúla 3
Kristján G Gíslason hf, Hverfisgötu 6
Kristján Karlsson, Melhaga 8
Kvaerner Fisktækni, Stangarhlíð 6
Landgræðslusjóður, Suðurlandsbrú 38
Líftvinnuhúsið, Skólavörðustíg 43
Litla bílasalan, Skógarhlíð 10
Lífeyrissjóður sjómanna, Þverholti 14
Lífstykkibúðin hf, Laugavegi 4
Ljón sf, söljalagerð, Hafnarstræti 1
Ljósbaer hf, raftækjaverslun, Faxafeni 14
Loftorka Reykjavík hf, verktafi, Skipholti 35
Loftafræðisjóður, Ystabæ 11
Lýsing hf, Suðurlandsbrú 22
Læknastofa Laugavegi 43,
Lögfræðiskrifstofa Jóns Sveinssonar, Barónsstíg 5
Lögmannstofa Ármundar Backman hf, Lögumla 7
Lögmannstofa Jóns Egilssonar, Knarrarvogi 4

Marel hf, Höfðabakka 9
Mats ljósmyndir sf, Laugavegi 178
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar, Skipholti 23
Múlaundur, vinnustofa S.I.B.S., Hátúni 10c
Myndsyn hf, Depluhólum 5
Námsflokkar Reykjavíkur, Frikirkjuvegi 1
Netagerð Guðmundar Sveinssonar, Grandagarði 18
Nótan sf, Miklubraut 68
Nýja bio hf, Skipholti 31
Optima, Ármúla 8
Orðabankinn sf, Bergstaðastræti 64
ORÖBLU sokkabuxur, Bildshöfða 14
Otto B. Arnar ehf, Ármúla 29
ÖK endurskoðun, Klyfjaseli 26
Óskabliði, Hringbraut 119
Passamyndir, Laugavegi 178
Perlan hf, veitingahús, Óskjuhlíð
Plúsmarkaðurinn, Hátúni 10b
Potturinn og pannan hf, Bráutarholti 22
Póstur og sími hf, Thorvaldsenstræti 4
R. Sigmondsson hf, siglingatækjapjónusta, Tryggvagötu 16
Rafstilling, Dugguvogi 23
Raftækjapjónusta Trausta hf, Siðumúla 9
Rafvörur hf, Ármúla 5
Rakarastofan Dalbraut 1
Rauði kross Íslands, Efstaleiti 9
Reykjavíkurbíll, Tryggvagötu Hafnarhúsi
Réttingaverkstæði Bjarna Gunnarssonar, Bildshöfða 14
Rolf Johansen og Co ehf, Skúlvogi 10a

Rúllugerðin Vesturgötu, Vesturgötu 21a
Rúmfatalagerinn hf, Skeifunni 13
S.B.S innréttingar, Trésmíðja, Hyrjarhöfða 3
S.R. Sigurðsson hf, Hverfald 128
Sautján hf, Laugavegi 91
Securitas hf, Siðumúla 23
Segull hf - Skipaljóð hf, Eyjarlóð 7
Sjálfsbjörg, landssamband fataðra, Hátúni 12
SKF Kúlugusalan hf, Suðurlandsbrú 20
Skífan hf, Skeifunni 17
Skóverslunin Bossanova, Kringlunni 8-12
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Smurstöðin Geirsgötu 19,
Snerruútgáfan ehf, Höfðabakka 3
Snæland Grímsson hf, Langhóltsvegi 115
Stjórnumalat sf, Smíðshöfða 8
Stórstúka Íslands, Eiríksstötu 5
Strætisvagnar Reykjavíkur, Borgartúni 35
Studio Granda, Smíðustíg 11b
Subway, Austurstræti 3
Svanni sf, póstverslun, Stangarhlíð 5
Svanur hf, útlutningur, Hverfisgötu 8-10
Sölufélag garðyrkjumanna svf, Súðavogi 2f
Sölutúnninn JL-húsinu, Hringbraut 121
T.V. hf, tækniþjónusta, Siðuseli 5
Tannlæknafélag Íslands, Siðumúla 35
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
Tannlæknastofa Hauks Þorsteinssonar, Öðinsgötu 4
Tannlæknastofa Sveins Ásgeirssonar, Barónsstíg 5
Trélag hf, byggingaverktaki, Logafold 86

Trygging hf, Laugavegi 178
Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114
Zörn, sjúkrahjálfun, Grensásvegi 50
Úti og inni sf, arkitektastofa, Þinghóltsstræti 27
Útill hf, Álfheimur 74
V.H. Vilhjálmsson sf, Sundaborg 1
V.S.Ó. Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Vaka hf, björgunarfélag, Eldshöfða 6
Verið, saengurfataverslun hf, Njálsgötu 86
Verkfræðistofa Braga, Bergstaðastræti 28a
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf, Ármúla 4
Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Kringlunni 7
Verslunartækni hf, Súðarvogi 2
Vestfarðaleið, Sættúni 4
Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 1
Vélasalna hf, Ánanautum 1
Viðskiptaskrifstofa Guðmundar Arnaldssonar, Austurstræti 17
Vinnufatabúðin, Laugavegi 76
Völur hf, Vagnhöfða 5
Z-bratur og gluggatjöld hf, Faxafeni 14
Þingvallaleið hf, Skógarhlíð 10
Þroskahjál, landssamtök, Suðurlandsbrú 22
Þumalina, búðin þín, Pósthússtræti 13
Ægir, seglagerð, Eyjarlóð 7
Ögurvik hf, Tysgötu 1
Örgögn ehf, Bildshöfða 8

MINNINGARGREIN

Sigríður Kristín Kolbeinsdóttir

Fædd: 10. ágúst 1900

Dáin: 20. maí 1997



Félagar í Félagi heyrnarlausra vilja minnst Sigríðar Kristínar Kolbeinsdóttur með fáeinum orðum. Sigríður fæddist heyrandi en missti heyrn 4 ára. Hún gekk í Heyrnleysingjaskólann og giftist heyrnarlausum manni, Jóni Kristni Sigfússyni og eignaðist með honum þrjú börn. Þau eru Halldóra fædd 1924, Stefánía fædd 1926 og Grétar fæddur 1928. Stefánía og Grétar eru einnig heyrnarlaus. Vegna þess hversu margir heyrnarlausir voru á heimilinu varð heimilið fljótt vinsælt meðal heyrnarlausra og stóð það alltaf öllum opið sem þangað leituðu. Sigríður varð fljótlega þekkt undir nafninu Amma í heimi heyrnarlausra og má segja að sú nafngift tengist öllum þeim hlýhug sem frá henni stafaði.

Ömmu minnumst við með söknuði, virðingu og þakklæti. Fólk á öllum aldri sóttist eftir því að heimsækja hana og má segja að heimili hennar hafi verið fyrsti vísir að Félagi heyrnarlausra á Íslandi. Sérstaka lykt af pönnukökubakstri, kaffi og sælgæti lagði frá heimilinu og alltaf fengu allir eitthvað við sitt hæfi.

Kæra Amma hafðu þökk fyrir allt sem þú kenndir okkur og gerið fyrir samfélag heyrnarlausra á Íslandi.

Félag heyrnarlausra vottar börnum Sigríðar og öðrum aðstandendum sína dýpstu samúð.



Elsku Amma með
hvíta hárið, svuntuna góðu,
hlýju og heitar
tilfinningar.
Þúsund þakkir fyrir
allt og allt.
Hvíl í friði.

Fyrir hönd Félags heyrnarlausra,
Anna Jóna Lárusdóttir

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi heyrnarlausra var hafin söfnun fyrir brunavarnarkerfi í félagsheimili Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning.

Seltjarnarnes

Litabær sf, Austurströnd 14
Nesapótek, Eiðistorgi 17
Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Kópavogur

ALP bilaleigan, Skemmuvegi 20
Áliðjan, Vesturvör 26
Bakarí Friðriks Haraldssonar - Ömmubakstur,
Kársnesbraut 96
Bílaréttingar G.Á.K., Laufbrekku 4
Bílaverkstæði Guðmundar og Einars sf, Smiðjuvegi 58
Bláhornið, söluturn, Smiðjuvegi
Dansskóli Sigríðar Hákonarsonar, Auðbrekku 17
Eyrún hf, prentsmiðja, Hlíðarvegi 7
Fatahreinsun Kópavogs sf, Hamraborg 7
Góddi hf, Smiðjuvegi 30
Gott útlit, hársnyrtstofa, Nýbýlavegi 14
Grein hf, trésmiðja, Smiðjuvegi 16
Hjólpartæki Þóris B Guðjónssonar, Hafnarbraut 14
Húsuplast ehf, Dalvegi 24
Járnsmiðja, Skemmuvegi 12m
Kársneskjör, Borgarhallsbraut 71
Kópavogskaupstaður, Fannborg 2
Landvélur hf, Smiðjuvegi 66D
Lyfting hf, vinnuvélur, Gnipuheiði 8
Prentsmiðjan Grafík, Smiðjuvegi 38
Rafteikjavinnustofan Straumafli, Skemmuvegi 12
Skúffan sf, bilaverkstæði, Smiðjuvegi 11E
Tempó, innrömmun, Álfhólsvægi 32
Tengi ehf, Smiðjuvegi 11
Timbur og Stál hf, Smiðjuvegi 11

Vélaverkstæði Egill hf, Smiðjuvegi 9A
Vélsmiðja Guðmundar, Dalvegi 12

Garðabær

Bilapartasala Garðabæjar sf, Skeiðarás 8
Fag-val, verktaki, lönbúð 6
G.H. heildverslun hf, Garðatorgi 3
Gólfslipun Sigríðar Hannessonar, Grenilundi 6
Skermagerð Berthu, Holtsbúð 16
Sölubæðstofan Garðasöl, Garðatorgi 1
Timburliðjan hf, Smiðsbúð 6
Verkhönnun - Tæknisalan hf, Kirkjúlundi 13

Hafnarfjörður

Ás, fasteignasala, Fjarðargötu 17
Bedco & Mathiesen hf, Bæjarhrauni 10
Bifreiðaverkstæði Brands Sigróssonar, Kaplahrauni 7
Bæjarbakari, Bæjarhrauni 2
Delta hf, Reykjavíkurvegi 78
Fiskbúð, Reykjavíkurvegi 3
Fiskverkun Friðbjörns, Hvaleyrarbraut 2
Fiskverkun Jónasar Ágústssonar, Eyrartröð 12
Fiskvinnsluskólinn Hafnarfirði, Hvaleyrarbraut 13
G.P. húsgögn hf, Bæjarhrauni 12
G.S. múrverk hf, Hvassbergi 4
Garnbúðin Tinna, Hjallahrauni 4
Glerborg hf, Dalshrauni 5
J.V.J. hf, verktaki, Drangahrauni 10
Kári, skiptistöð og stýrimannafélag, Klettgarðum 8
Kælitækjapjónustan, Norðurvangi 27
Listasmíðjan, listmunasala, Dalshrauni 1
Lögræðiskrifstofa Árna Grétars Finnssonar,

Strandgötu 25
S. Gunnarsson hf, Eyrartröð 13
Sjómannafélag Hafnarfjarðar, Strandgötu 11
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar hf,
Reykjavíkurvegi 70

Keflavík

Aðalverk hf, vinnuvélur, Öðinsvöllum 15
Apótek Keflavíkur ehf, Suðurgötu 2
Fasteignasalan Hafnargötu 27 ehf, Hafnargötu 27
Happi ehf - Happsæll KE 94, Öðinsvöllum 5
Olusamlag Keflavíkur og nágrennis, Vikurbraut 13
Varmamót, lðavöllum 3
Vikurás hf, lðavöllum 6

Keflavíkurflugvöllur

Keflavíkurverktakar, Keflavíkurflugvelli

Grindavík

Festi hf, útgerðarfélag, Mánaundi 1
Fiskanes hf, Hafnargötu 17-19
Fiskimjöl og lýsi hf - Sigluför, Ægisgötu 2
Gjögur hf, Hafnargötu 18
Stakkavík ehf, Bakkalög 15b
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Sandgerði

Rafverk hf, Tjarnargötu 11

Garður

Fiskverkun Antons og Guðlaugs sf, Meirastaðavegi 3

Gerðahreppur, Melbraut 3
Rafloagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Heiðartúni 2

Njarðvík

Dverghamar sf, Holtsgötu 48
Hítaveila Suðurnesja, Brekkustig 36
Sólning hf, Fitjubraut 12

Mosfellsbær

Dalsbú hf, lóðýrabú, Helgadal
Flugfélagið Atlantia hf, Þverholti 3
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Holtakjúklungur, Urðarholi 6
Kjóahreppur, Félagsgarði
S.P. sf, bifreiðaverkstæði, Asparteygi 1

Akranes

Axel Sveinbjörnsson hf, Suðurgötu 7-9
Blikksmiðja Guðmundar J Hallgrímssonar, Akurbraut 11
Ferstikluskáli, Hvallfirði
Haraldur Böðvarsson hf, útgerð, Bárugötu 8-10
Innri-Akraneahreppur, Ytra-Hólmi
Leirár- og Melahreppur, Neðra-Skarði
Magnús H Ólafsson arkitekt, Merkigerði 18
Málningarþjónustan, Stíllholti 16
Skilmannahreppur, Hvítanesi
Tannlæknastofan sf, Laugarbraut 11
Verslunarmannafélag Akraness, Kirkjubraut 40
Vélsmiðja Akraness, Vallholti 1
Vélsmiðja Ólafs R Guðjónssonar ehf, Smiðjuvöllum 6
Þorgeir og Helgi hf, Höfðaseli 4

OPIÐ HÚS Í SAMSKIPTAMIÐSTÖÐ HEYRNARLAUSRA OG HEYRNARSKERTRA

Laugardaginn 1. nóvember nk. verður „Opið hús“ í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra í Sjómannaskólanum við Háteigsveg í Reykjavík. Húsið opnar kl. 13.00 og gefst gestum tækifæri til að kynna sér ýmiskonar starfsemi SHH í þjónustu fyrir heyrnarlausra, heyrnarskerta og dauflinda. Við hvetjum sem flesta að notfæra sér þetta einstaka tækifæri og kynnast starfseminni. Ath. húsið lokar kl. 16.00.

SMS



Listamaðurinn Vilhjálmur G. Vilhjálmsson með Birni Bjarnasyni við opnun myndlistasýningarinnar.

MYNDLISTARSÝNING VILHJÁLMS G. VILHJÁLMSSONAR

Vilhjálmur G. Vilhjálmsson er þekktur myndlistarmaður í samfélagi heyrnarlausra og opnaði hann sýningu sína sem ber heitið „Blæbrigði“ í listasafni ASÍ við Freyjugötu í Reykjavík laugardaginn 11. október sl. Margt fólk kom á opnun sýningarinnar, m.a. Björn Bjarnason menntamálaráðherra. Vilhjálmur sýndi landslagsmyndir

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi heyrnarlausra var hafin söfnun fyrir brunavarnarkerfi í félagsheimili Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning.

Borgarnes
Álftahreppur, Álftartúngakoti
Bifreiða- og sprautunarverkstæði Sólþakka 5,
Blómabúð Dóru, Borgarbraut 1
Borgarhreppur, Valbjarnarvöllum 1
Borgarverk hf, vinnuvélar, Sólþakka 17-19
Grunnskólinn í Borgarbyggð, Borgarbraut 11
Jörvi hf, vinnuvélar, Hvanneyri
Lundarreykjadalshreppur, Brennu
Lögfræðistofa og fasteignasala Gísla Kjartanssonar
hdl., Borgarbraut 61
Múlatot, efnaflug og þvottahús, Borgarbraut 49
Rafblík, rafverktaki, Borgarbraut 33
Safnahús Borgarfjarðar, Bjarnabraut 4-6
Skorradalshreppur, Grund

Sparisjóður Mýrasýslu, Borgarbraut 14

Reykholzt
Hvítársíðuhreppur, Samsstöðum
Reykholtsdalshreppur,
Reynir Aðalsteinsson, Sigmundarstöðum, Hálsasveit

Stykkishólmur
Málflutningsstofa Snæfellsness sf, Smiðjustíg 3
Skipasmiðastöðin Skipavík hf, Nesvegi 20
Sæfell hf, Aðalgötu 3

Grundarfjörður
Bensinstöð Esso, Grundargötu 38
Berg vélsmiðja hf, Borgarbraut 16

Haukabergr, Hamrahlið 4
Verslunin Grund - Þín verslun, Grundargötu 35

Ólafsvík
Fiskidýjan Bylgja hf, Bankastræti 1
Verslunin Vík, Ólafsbraut 19

Búðardalur
Tak hf, malarnám, Vesturbraut 20

Ísafjörður
Básafell hf, Sindragötu 1
Gámaþjónusta Vestfjarða hf, Góuholti 14
Gistiheimilið Áslaugar, Austurvegi 7
Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar, Njarðarsundi 2

Ísafjarðarbiói, Silfurgötu 2
Ísafang hf, útlutningur sjóvarafurða, Suðurgötu 12
Kjölur hf, Urðarvegi 37
Mjólkursamag Ísfríðinga, Sindragötu 2
Myndas, ljósmyndastofa, Aðalstræti 33
Sandfell hf, Suðurgötu
Straumur hf, Silfurgötu 5
Tækniþjónusta Vestfjarða hf, Austurvegi 1

Hnífsdalur
Blómabúð Ísafjarðar-Gunnðis hf, Smárasteigi 2
Hraðfrystihúsið hf, Hnífsdalsbryggju
Verktjórafélag Vestfjarða, Heiðarbraut 7



Margareth Hartvedt fer með ljóð á táknmáli

Einstakt Ljóðakvöld var haldið í tengslum við Menningar- daga heyrnarlausra í Þjóðleikhúskjallaranum þriðjudags- kvöldið 7. október sl. Flutt voru samtals 52 ljóð af leik- urunum Eddu Þórarinsdóttur og Arnari Jónssyni, ljóðin voru samtímis flutningi túlkuð yfir á táknmál af þeim Júlíu G. Hreinsdóttur, Hjálmar Péturssyni og Margareth Hartvedt. Ljóðin eru ekki þýdd orð fyrir orð, heldur eru ljóðin skoðuð fyrst í heild sinni og myndmál ljóðsins kemur fram í tákn- málinu. Til að túlka ljóð er notuð ríkari svipbrigði og stærri hreyfingar handforma þannig verður ljóðið myndrænt á heildina lítið.

Ljóðakvöldið tókst vel og má á síðunni líta á nokkrar myndir af kvöldinu.

SMS



Hjálmar Pétursson segir eitthvað merkilegt í ljóði á táknmáli.

FERÐASAGA FRÁ WASHINGTON D.C.

Höfundar og ferðalangar: Jónína Konráðsdóttir, Ragnheiður Þóra Kolbeinsdóttir, Regína Rögnvaldsdóttir og Hjördís B. Gunnarsdóttir, allar starfandi fóstrur við leikskólann Sólborg.

Í nóvember 1996 og í febrúar 1997 fóru þrír starfsmenn frá leikskólanum Sólborg í Reykjavík til Washington D.C. í Bandaríkjunum og var stefnan sett á Gallaudet háskólann. Markmið ferðarinnar var að skoða leikskóla á háskólasvæðinu þar sem unnið hefur verið að sameiginlegu uppeldi heyrnarlausra og heyrandi barna og sækja námskeið á vegum háskólans um það efni.

Frá opnun leikskólans Sólborg í ágúst 1994 hafa heyrnarlaus og heyrandi börn verið vistað á leikskólanum. Þróunin síðastliðin þrjú ár hefur verið þannig að nú er ein deild, Birkistofa, ætluð heyrnarlausum og heyrnarskertum börnum, auk barna sem eiga heyrnarlausa foreldra, aðstandendur eða nágranna sem eru heyrnarlausir.

Undanfarin ár höfum við þróað þetta tilboð undir handleiðslu Reginu Rögnvaldsdóttur sem er sérmenntuð í kennslu heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Í leikskólanum hafa verið haldnir fyrirlestrar um heyrnarleysi og heyrnarskert börn og allt starfsfólk hefur sótt táknmálsnámskeið. Við töldum hinsvegar nauðsynlegt að auka enn frekar við þekkingu okkar á þessu sviði og vorum fullvissar um að það myndi bæta starfið á leikskólanum. En þar sem leikskólastarfið á Sólborg á sér ekki hliðstæðu hér á landi var nauðsynlegt að leita út fyrir landsteinana.

Með þetta í huga hafði Jónína Konráðsdóttir leikskólastjóri samband við forráðamenn Gallaudet í ágúst 1996. Þar var verið að vinna að þriggja ára þróunarverkefni

„Access for All: Collaboration for Comprehensive Child Care for Deaf and Hearing Preschoolers and their Families“ (Project Access). Markmið þess var að miðla af reynslu sem hafði fengist í Gallaudet og aðstoða leikskóla sem vildu bjóða heyrnarlausum og heyrandi börnum uppeldi og nám í sameiginlegu umhverfi. Við urðum mjög spenntar að frétt af þessu verkefni og virtist það nánast sniðið að okkar þörfum.



Þátttakendur á „Project Access“.

„Project Access“ var skipulagt þannig að starfsfólk Gallaudet háskólans vann árlega með nokkrum bandarískum leikskólum. Þátttakendur voru skólastjórnendur, sérkennarar, kennarar og foreldrar heyrnarlausra barna. Verkefnið hófst í desember þegar þátttakendur komu á þriggja daga námskeið í Washington og var okkur boðið að taka þátt í því. Við þáðum boðið, fórum til Bandaríkjanna 31. nóvember og vorum til 10. desember, sóttum námskeið og skoðuðum leikskólana tvo sem starfa á háskólasvæðinu.

Námskeiðið í desember var viðamiklið og var fjallað um nauðsyn þess að setja meginmarkmið, að vinna með fjölskyldum, starfsmannahald, þætti sem einkenna góða skóla og mat á skólastarfi. Í lok námskeiðis settu þátttakendur skammtímamarkmið til að vinna að fram að næsta námskeiði sem var á dagskrá í lok febrúar.

Við heimsóttum leikskólana tvo á Gallaudet háskólasvæðinu en þeir heita CDC („Child Development Center“) og Kendall. CDC er leikskóli fyrir börn háskólastúdenta, börn háskólastarfsfólks, heyrnarlaus börn úr borginni og örfá börn úr hverfinu. Í CDC eru því bæði heyrnarlaus og heyrandi börn. CDC er á efrihæð í byggingu sem hýsir grunnskóla fyrir heyrnarlaus börn sem heitir



Leikskólinn Sólborg við Vesturhlíð í Reykjavík.

Kendall Demonstration Elementary School (KDES eða Kendall). Kendall rekur einnig leikskóladeild fyrir 0-6 ára börn en þar dvelja eingöngu heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Leikskólarnir CDC og Kendall hófu formlegt samstarf á árunum 1988-1992 þegar þeir unnu þróunarverkefnið „Access for All - Intergrating Deaf, Hard of Hearing and Hearing Preschoolers“. Í lok verkefnisins dvöldu heyrnarlaus börn í þrjá daga í viku í Kendall og tvo daga í CDC.

Námskeiðisstjórnendur buðu okkur að taka þátt í öðru námskeiði 26.-28. febrúar sem við gerðum og fengum m.a. til þess styrk frá Félagi heyrnarlausra. Þar var fjallað nánar um aðferðir sem kennarar geta beitt til að tryggja að blöndun heyrnarlausra og heyrandi barna verði árangursrík. Meðal annars var fjallað um náms- og kennsluáðferðir fyrir heyrnarlaus börn, aðlögun námsskrár, breytingar á námsumhverfi, samvinnu kennara og námsmat.

Vorið eftir heimsóttu síðan ráðgjafar frá Gallaudet þá skóla sem tóku þátt í námskeiðinu. Þar var unnið með starfsfólki, kennurum og foreldrum, allt eftir þörfum skólans.

Starfsemi leikskólanna, CDC og Kendall er athyglisverð. Á öllum stofum í CDC er einn heyrnarlaus leikskólakennari og einn heyrandi og vinna þeir saman ásamt aðstoðarfólki. Tjáningin á CDC er fjölbreytileg. Leikskólakennarar töluðu ýmist ensku, amerískt táknmál (ASL) eða táknaða ensku (SEE). En algengt var að þeir notuðu samtímis rödd og táknmál („simultaneous communication, simcom“). Þetta var þó ekki í Kendall þar sem eingöngu heyrnarlaus börn dvelja. En þar sem í CDC eru samankomin heyrnarlaus og heyrandi börn og foreldrar vill starfsfólk gera bæði málin aðgengileg með því að tala og tákna um leið.

Við skynjuðum í heimsóknum á CDC og Kendall og eins á námskeiðunum að starfsemin á Sólborg fyrir heyrnarlaus og heyrandi börn er ekki ólík því sem er að gerast annarsstaðar. Áherslurnar virðast vera svipaðar og við erum að takast á við svipuð mál. Það var því jákvæð upplifun fyrir okkur að finna að starfsfólk Sólborgar er á góðri leið í viðleitni sinni við að móta réttlátara samfélag fyrir öll börn.

Jónína, Ragnheiður, Hjördís og Regína

KYNNING Á STARFSMÖNNUM FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

Anna Jóna Lárusdóttir, félagsmálafulltrúi.



Anna Jóna hefur umsjón með öllu félags- og klúbbstarfi innan Félags heyrnarlausra. Hún kemur efni frá klúbbunum til skila til Döffblaðsins, auk þess sem hún leggur fram hugmyndir að fyrirlesurum og skipuleggur komur þeirra.

Kristjana Mjöll Sigurðardóttir, félagsráðgjafi.



Kristjana veitir alhliða ráðgjöf og skipuleggur auk þess fyrirlestra um aðkallandi málefni liðandi stundar.

Unnur Vilhjálmsdóttir, hústúlkur.

Unnur túlkar allt sem túlka þarf á skrifstofunni, hvort sem um símtöl eða fundi er að ræða. Hún sér einnig um alhliða skrifstofustörf.



Heiðrún Dúadóttir, bókarí.

Heiðrún sér um innheimtu og vinnslu allra reikninga Félagsins, auk þess sem hún hefur umsjón með pappírnum félagsins.



RÁÐLEGG HEYRNARLAUSUM UNG MENNUM AÐ MENNTA SIG Á KVIKMYNDA OG FJÖLMÍÐLASVIÐI

Ritstjóra var gefinn kostur á að fara í eftirminnilega ferð um Gullna hringinn ásamt norsku gestum Stuttmyndahátíðarinnar, Cornelis Mehlum og Miru Zuckerman, og fylgdarliði. Ferðalagið hófst á Þingvöllum í vonskuveðri, síðan lá leiðin til Laugarvatns á lélegum malarvegi. Þó að frostið biti kinn og kalt var úti má svo sannarlega segja að íslenska náttúran hafi skartað sínu fegursta. Frá Laugarvatni var haldið áleiðis að Geysi í Haukadal og splæst nokkrum myndum á staðinn. Veðrið var lýsandi fyrir íslenskt haustveður þar sem það gekk á með öllum veðrum. Á Hótel Geysi snæddum við ljúffengan grafinn lax eða sveppasúpu í forrétt, í aðalrétt fengum við okkur lambalundir og íslenskt fjallavatn með. Á meðan við snæddum gægðist sólin fram úr skýjunum og Strokur minnti nokkrum sinnum á tilvist sína með því að spúa vatni úr iðrum jarðar. Ég notaði tækifærið og tók viðtal við Cornelis Mehlum við þessar kjöraðstæður.

Cornelis eða Con einsog hann er kallaður er hálfur Hollendingur og hálfur Norsari. Hann ólst hinsvegar upp í Osló og hefur búið þar alla ævi. Foreldrar hans og tvö systkini eru heyrnarlaus. Það var afar skemmtilegt að ræða við hann og hann er hvers manns hugljúfi.



Mira
Zuckermann



Cornelis Mehlum

Con viltu segja mér frá skólagöngu þinni?

Ég er alinn upp í Osló og gekk í Ila skólann í Osló. Ila skólinn er almennur skóli með sérstakar deildir fyrir heyrnarskert börn. Ég var í einni slíkri deild.

Hvernig vaknaði áhugi þinn á leiklist og kvikmyndagerð?

Það er nú saga að segja frá því, vegna þess að sjálfur hafði ég áhuga á að verða auglýsingateiknari. Á síðasta námsári mínu fór ég til námsráðgjafa skólans og tilkynnti honum að ég vildi verða auglýsingateiknari. Ráðgjafinn var hinsvegar ekki á minni bylgjulengd og fannst ekki raunhæft að ég legði út í slíkt nám. Þar sem ég hafði ekki verið fyrirmyndanemandi. Hinsvegar tók hann upp þykkan doðrant og sagðist skyldi leita að öðru raunhæfara starfi fyrir mig. Á meðan ráðgjafinn blaðaði í doðrantinum lét ég hugann reika og hugsaði hvað myndi henta mér að gera í framtíðinni. Loksins leit ráðgjafinn upp úr doðrantinum og ánægjan skein út úr andliti hans, nú hafði hann fundið starf handa mér. Spennan ókst og loks skellti hann því fram að ég ætti að verða pylsugerðamaður. Sjálfsmýndin hrundi. Pylsugerðamaður, ég? Var ekkert annað starf til handa mér? Mér varð flökurt og ég byrjaði að sjá allt í móðu. Ráðgjafinn var hinsvegar himinlifandi yfir því að hafa fundið svo gott starf handa mér. Sneiptur fór ég heim og sagði foreldrum mínu frá því að sonur þeirra ætti að verða pylsugerðamaður. Þau urðu ekki síður fyrir vonbrigðum en ég og leituðu til fundar ráðgjafans strax aftur daginn eftir. Ég veit ekki hvað þeirra fór á milli en ráðgjafann hef ég aldrei séð aftur. Þó má segja

að þetta hafi orðið vendipunkturinn í lífi mínu, þarna rann það upp fyrir mér að auðvitað vissi ég best sjálfur hvað hentaði mér að gera í framtíðinni. Ég hafði verið í ballett frá 10 ára aldri og auk þess verið þátttakandi í áhugaleikhúsi heyrnarlausra í Osló svo ég vissi að hið listræna ætti vel við mig. Í áhugaleikhúsinu kynntist ég Miru Zuckermann og hún hvatti mig til að leggja leiklistina fyrir mig. Ég hef sótt nokkur alþjóðleg námskeið um leiklist heyrnarlausra auk þess sem ég hef verið í vinnubúðum og aflað mér þekkingar þar, þessa þekkingu hef ég notfært mér í kvikmyndagerðinni, annars má segja að ég sé nánast sjálfmenntaður. Fyrst voru leiklistin og kvikmyndagerðin aðeins áhugamál þar sem ég starfaði í 10 ár sem auglýsingateiknari á auglýsingastofu. En þegar auglýsingastofan lagði upp laupana og ég varð atvinnulaus bauðst mér vinna hjá Døves video í Osló og þar með tengdist ég kvikmyndagerðinni sem ég vinn við nú í dag. Í augnablikinu hef ég umsjón með leiklistar- og þáttagerðarverkefnum hjá Døves video.

Viltu segja mér hvaðan hugmyndin að stuttmyndinni „Portugal“, sem hlaut leikstjórnarverðlaun á Alþjóðlegri stuttmyndahátíð heyrnarlausra í Búdapest í Ungverjalandi, er komin?

Hugmyndin að „Portugal“ er komin frá tónlistarmyndböndunum á MTV. Hér áður fyrr voru tónlistarmyndböndin þannig að söngvarinn sást syngja en bakgrunnur myndbandsins var enginn. Þegar tónlistarmyndböndin voru með þessum hætti áttu heyrnarlausir ekki kost á því að njóta þeirra, þetta hefur hinsvegar breyst nú eru tónlistarmyndböndin leikin, söngvarinn er stundum hafður í bakgrunni eða hann sést ekki. Ég hugsaði með mér að heyrnarlausir gætu vel notið þess sjónræna sem svona myndbönd bjóða upp á og ákvað að gera eitt slíkt sjálfur. Þannig varð „Portugal“ til. „Portugal“ er þó frábrugðið venjulegum tónlistarmyndböndum þar sem ekkert hljóð heyrst. „Portugal“ byggist upp af ljóði sem verður sjónrænt. Sjálfur hef ég áhuga á ljóðagerð og hef samið nokkur, þar á meðal ljóðið „Portugal“. Þegar „Portugal“ var sýnt í fyrsta skipti á Menningardögum heyrnarlausra í Noregi kveiddi ég fyrir. Gagnrýnin var hinsvegar bæði jákvæð og neikvæð, einsog við mátti búast, þó hún hafi að mestu verið jákvæð. Mesta athygli mína vakti hinsvegar að „Portugal“ virtist höfða meira til heyrandi fólks en heyrnarlausra sem hafði auðvitað upphaflega verið

markhópurinn. Ég grennsaðist fyrir um af hverju þetta var og þá svaraði fólk því til að myndin vakti áhuga vegna þess að hún er sjónræn og hljóðlaus. Heyrandi fólki finnst gott að setjast niður og skynja hið sjónræna en það gerir heyrandi fólk sjaldan og í myndinni truflar ekkert hljóð. Þetta kom mér mjög á óvart og var sérstök upplifun fyrir mig sem listamann. Auk þess sem það var athyglisvert fyrir mig að hafa skapað aðstæður þar sem þessir tveir ólíku menningarheimar skarast.

Já þetta er sérstakt! Hefur „Portugal“ verið sýnd í sjónvarpi í Noregi?

Já, að vissu leyti þar sem hún var sýnd í tvær mínútur af sjö og hálfri og finnst mér vissulega skömm af því. Hinsvegar hafa Svíar sýnt hana sex sinnum á tveimur sjónvarpsstöðvum og hefur hún einnig verið sýnd í sjónvarpi í Danmörku, Hollandi, Ungverjalandi og hjá BBC í Bretlandi.

Getur þú gefið ungu heyrnarlausu fólki sem hugar nú að framtíðarmenntun ráðleggingar?

Á heildina litið finnst mér ungt heyrnarlaust fólk eigi að mennta sig á fjölmiðla- og kvikmynda-sviði. Þessi tvö svið bjóða upp á mikla möguleika fyrir heyrnarlausa, það er mikið að gerast í þessum geira og margt í boði, ungt heyrnarlaust fólk ætti ekki að láta tækifærin sér úr greipum ganga. Það er svo margt hægt að gera, tæknin býður upp á svo margt og þá ekki síst fyrir heyrnarlausa sem ættu að nýta sér það sem býðst. Sjálfur á ég mér þann draum að

stofna alþjóðleg samtök heyrnarlausra kvikmynda- og þáttagerðarmanna, þó að við séum auðvitað ólík þá eigum við alltaf margt sameiginlegt svo sem táknmálið og menninguna og saman stöndum við betur að vígi.

Heldur þú að innan næstu 10 ára verði framleidd kvikmynd í fullri lengd af heyrnarlausum?

Já, það tel ég mögulegt. Auðvitað yrði spennandi að ráðast í slíkt verkefni og fá mismunandi hópa fólks til að vinna saman. Þá þyrftu heyrnarlausir höfundar, leikstjórar, leikarar og kvikmyndagerðamenn að vinna að sömu meginmarkmiðum og finna leiðir og sameina sjónarhorn og skoðanir. Það yrði vissulega gaman að sjá útkomuna.



Con og Mira með Strokk spúandi í bakgrunni

Aðalfundur Félags heyrnarlausra 1997



Núverandi stjórn FH. Talið frá vinstri: Haukur Vilhjálmsson meðstjórnandi, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir ritari, Margareth Gartvedt meðstjórnandi, Júlía G. Hreinsdóttir varaformaður og Berglind Stefánsdóttir formaður.

Aðalfundur Félags heyrnarlausra var haldinn 14. júní 1997. Á aðalfundinum var farið yfir venjuleg aðalfundarstörf og var stjórn Félagsins til næstu tveggja ára kosin.

Stjórn Félags heyrnarlausra skipa:

Berglind Stefánsdóttir, formaður
Júlía Guðný Hreinsdóttir, varaformaður
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritari
Margreth Hartvedt, meðstjórnandi
Haukur Vilhjálmsson, meðstjórnandi
Unnur Dóra Norðfjörð, varamaður
Guðrún Ólafsdóttir, varamaður

Þórdís, Steinunn og Guðrún aðstoða við atkvæðatalingu á aðalfundi FH 1997



Á aðalfundinum voru þrjár eftirfarandi ályktanir samþykktar:

„Aðalfundur Félags heyrnarlausra 14. júní 1997 skorar hér með á menntamálaráðherra að standa fyrir átaki í textun á íslenskt efni í sjónvarpi. Textunarbúnaður til að gera textun á íslenskt efni er til staðar í textavarpssdeild Ríkissjónvarpsins og finnst okkur að nota eigi þann búnað núna meira en hefur verið gert undanfarið. Markmiðið væri að tryggja heyrnarlausum, heyrnarskertum og öðrum sem hafa misst heyrn meira aðgengi að íslensku sjónvarpsefni og þar með íslenskri menningu og þjóðlífi.“

„Aðalfundur Félags heyrnarlausra 14. júní 1997 fagnar því að lög um íslenskukennslu í framhaldsskólum sem alþingi ákvað nú á vorþingi taki sérstaklega tillit til heyrnarlausra nemenda svo og heyrandi nemenda sem eiga heyrnarlausu foreldra. Með þessari ákvörðun er komið til móts við heyrnarlausu nemendur í framhaldsskólum og tekið tillit til þess að táknmál sé þeirra móðurmál, en íslenskan annað mál.“

„Aðalfundur Félags heyrnarlausra 14. júní 1997 fagnar því að lög um réttindi sjúklinga hafa verið samþykkt á alþingi nú í vor og öðlast gildi 1. júlí nk. Í lögnum er sérstaklega getið um rétt heyrnarlausra til túlkunar á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Með þessari ákvörðun alþingis er tillit tekið sérstaklega til heyrnarlausra og rétt þeirra til að fá upplýsingar og ákvarða sjálfir um sín mál er tengjast heilsu sinni. Aðalfundur Félags heyrnarlausra lítur svo á að með setningu þessara laga sé sjálfsákvörðunarréttur heyrnarlausra tryggður.“

Allar þessar þrjár ályktanir voru samþykktar einróma af félagsmönnum Félags heyrnarlausra

Á aðalfundinum tókst ekki að fara yfir reikninga Félagsins þannig að framhaldsaðalfundur var haldinn í september 1997 þar sem reikningarnir voru lagðir fram og samþykktir af félagsmönnum Félags heyrnarlausra.

SMS

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi heyrnarlausra var hafin söfnun fyrir brunavarnarkerfi í félagsheimili Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning.


TRYGGINGA
MIÐSTÖÐIN HE
ADALSTRÆTI 6-8 · 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515-2000

 **Guðmundur**
Jónasson hf.
Ferðaskrifstofa - Gistiheimili
Sérleyfis- og hópferðir
Borgartún 34 - 105 Reykjavík
SÍMI 511 1515

Athugið!
Hægt er að fá reykskynjara
fyrir heyrnaskerta.
Brunamálastofnun ríkisins

 **HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS**
- vinnur að velferð í þágu þjóðar

SÓL hf

NORRÆNT BARNAMÓT HEYRNARLAUSRA

(9-13 ára) í Ljungskile í Svíþjóð 23.-30. júní 1997



Norrænt barnamót heyrnarlausra er haldið á tveggja ára fresti og í þetta sinn var það haldið í Svíþjóð. Nánar tiltekið í Ljungskile, sem er smábær með um 1000 íbúa og Lýðháskóla þar sem barnahópurinn dvaldi. Ljungskile er um 80 km. frá Gautaborg. Frá Íslandi fóru Kolbrún Völkudóttir, Sunna Dögg Scheving, Hanna Lára Ólafsdóttir, Sigurbjörn Gunnarsson og Þór Snorrason. Öll á aldrinum 9-13 ára. Fararstjórar voru Guðrún Halldórsdóttir forstöðukona félagsmiðstöðvarinnar Stjörnumær í Vestuhlíðarskóla og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

Þreyttur hópur eftir búðaráp stoppaði á MacDonalds í Uddevalla. Frá vinstri: Þór, Sigurbjörn, Bille fararstjóri, Kolla, Hanna Lára og Sunna Dögg.

Það var glaður hópur og fullur eftirvæntingar sem lagði af stað frá Íslandi snemma morguns mánudaginn 23. júní. Ferðin hafði verið í undirbúningi allan veturinn og margir eflaust talið dagana þar til að brottför kæmi. Nú var ferðin hafin og ekki skyldi aftur snúid. Flugíð var til Stokkhólms og þaðan fórum við með hraðlest til Ljungskile. Sú ferð verður eflaust lengi í minnum höfð, þar sem hún tók heilan dag og hópurinn mætti þreyttur og svangur til Ljungskile, en samt ánægður með að vera loks kominn á leiðarenda. Tekið var vel á móti þreyttum og svöngum Íslendingum og farið í íþróttahús staðarins til að kynna þátttakendunum frá Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Síðan var okkur gefið að borða og fegin vorum við þegar við lögðumst á koddann, og við sofnuðum strax.

Næsta dag vöknudú allir hressir og endurnærðir, við fengum okkur morgunmat og Svíar drógu fána sinn að húni og sungu þjóðsönginn á táknmáli. Svona hófst hver einasti morgun. Við Íslendingarnir sáum um morgunathöfn á föstudagsmorgni og var ekki annað að sjá en verkið hefði tekist vel þar sem við fengum meir að segja íslenskt sumarveður, rok og rigningu. Þessi fyrsti dagur var frjálss og



Heyrnarlausí vikingurinn víðförli og vikingakonan hans

fólki gefið færi á að kynnast, eftir hádegið löbbaðum við að Ljungskilevatninu og fórum í bað, sumir voru meir að segja svo djarfir að stinga sér til sunds af þar tilgerðum stökkpalli ofan í ískalt vatnið, aðrir týndu skeljar og skoðuðu fjöruna.



*Víkingahátíðin, lokahóf mótsins.
(Takið eftir blöðrunum í loftinu.)*

Um kvöldið var kvöldvaka og sáu Svíar um skipulag hennar.

Á öðrum degi, sem var sá eftirminnilegasti, fórum við í Liseberg tívoli í Gautaborg og áttum þar spennandi og ánægjulegan dag. Allir voru óhræddir við að prófa eitthvað nýtt. Farið var í klessubíla, rússíbana, vatnsrennibraut og „Hang over“, eitthvert mesta tryllitæki sem um getur. Í því sveif maður og þeyttist áfram á geysilegum hraða þannig að maður vissi ekkert í sinn haus fyrr en stoppað var og eins og gefur að skilja er ekki hægt að útskýra þá spennu sem skapast við slíkar aðstæður. Óhætt er að segja að íslenski hópurinn hafi notið sín í Liseberg. Komið var heim seint um kvöld og fór þreyttur hópur beint í rúmið.

Á þriðja degi gátu þátttakendur valið um að fara í siglingu eða föndra. Þetta var rólegur dagur og fóru allir íslensku þátttakendurnir í seglbátasiglingu um Ljungskilevatnið. Þetta var spennandi sigling og minnti veðrið á íslenska veðráttu, rok og rigning, en við Íslendingarnir létum það ekki á okkur fá, enda vön öllum veðrum. Um kvöldið var danski hópurinn með kvöldvöku og buðu m.a. upp á kappleiki og var keppt eftir stigatöflu. Íslenski hópurinn varð hlutskarpastur og fékk hver og einn vegleg verðlauna, hálsmen sem búið var til úr sælgæti sem rann ljúflega niður í maga svona rétt fyrir svefninn.

Á fjórða degi notuðu þeir tækifærið sem ekki höfðu farið í seglbátasiglingu og skelltu sér á vatnið. Eftir hádegisverð var svo haldið til Uddevalla sem er í 50 km fjarlægð frá Ljungskile og farið í búðarferð. Allir keyptu eitthvað fallegt til að fara með heim og þreytt enduðum við búðarferðina á MacDonald's þar sem við sporðrenndum hamborgurum, frönskum og „shake“ á ameríska vísu. Þegar heim var komið sáu við Íslendingarnir um kvöldvöku sem að vonum tókst vel. Við sýndum leikrit og buðum upp á kappleik þar sem nokkrir fengu að spreyta sig á því að vefja klósettpappír utan um annan á met tíma og borða lakkris úr vaskafati fullu af

vatni, auk þess sem við gerðum stormandi lukku með því að gefa öllum þátttakendunum poka af íslenskum lakkris.

Á fimmta degi var farið í ökuferð og heimsóttum við m.a. gamlan kastala. Það var hægt að skoða margt og þótti mörgum skemmtilegt að hlaupa um og fara í feluleik. Á eftir var farið með alla í Uddevallsundlaugin, en óhætt er að segja að íslenskar sundlaugar jafnist ekkert á við þá sundlaug. Í henni voru tvær vatnsrennibrautir, ein stór og önnur lítil, og í kringum var einskonar fljót þar sem hægt var að fljóta á hraða vatnsins. Sundlaugin sjálf var 100 metrar og á sundlaugarbakkanum var veitingahús þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Auk þess var þarna hvíldarherbergi með nuddpottum sem fararstjórnarnir nýttu sér enda orðnir þreyttir eftir erfiða ferð og farnir að hugsa heim á Klakann.

Á sunnudeginum, síðasta degi ferðarinnar, var útileikjastund, sumir léku sér en aðrir skipulögðu lokahóf mótsins sem skyldi haldið með pompi og pragt. Ákveðið var að hafa það í víkingastíl og voru allir þátttakendur látnir sníða og klippa víkingaföt, en klæðnaður hvers og eins var algjört leyndarmál.

Loks var stundin runnin upp lokahófið hófst, hurð víkingasalarins opnaðist. Salurinn var fagurlega eða kannski heldur „gróflega“ skreyttur af víkingasið. Tré og lauf voru mikið notuð, auk þess sem þarna voru net, kerti og svartur pappi sem gáfu salnum leyndardómsfyllri blæ. Öll borð voru skreytt með hvítum blómum, laufblöðum og birkigreinum. Boðið var upp á kjúklinga og nú skyldi borðað að hætti víkinga. Kvöldið leið hratt og allt í einu kom svartur Hrafn í heimsókn með miða sér um háls sem á stóð að við ættum að koma að bálkösti inn í skóginum vegna



Fararstjórnarnir Bille og Magga í fullum skróða



Skemmt sér vel í Liseberg-tívoli í Gautaborg.

Þess að þar ættum við stefnumót við gamla heyrnarlausu víkinginn sem væri 600 ára gamall. Allir fylltust spennu enda ekki á hverjum degi sem maður hittir víking. Allir fóru í halarófu, ferðin var löng og ströng en að lokum sáum við kertaljós blakta upp á háum kletti í skóginum. Þegar við nálguðumst sáum við hvar víkingurinn, gamall og þreyttur,

í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi heyrnarlausra var hafin söfnun fyrir brunavarnarkerfi í félagsheimili Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning.

Bolungarvík

Bollfiskur hf, fiskvinnsla, Sjávarbraut 9
Dýri hf, Grundarstíg 5
Löndunarþjónustan hf, Traðarstíg 2
Tröð sf, Hólastíg 2

Patreksfjörður

Eyrasparisjóður Patreksfirði og Tálknafirði,
Bjarkargötu 1
Flói hf, Mýrum 16
Matborg, veitingahús, Eyrargötu 5
Vesturbýggð, Aðalstræti 63

Tálknafjörður

Bókhaldstofan Tálknafirði, Strandgötu 40
Hraðfyrirhús Tálknafjarðar, Miðtúni 3
Trésmiðjan Eik hf, Strandgötu

Brú

Staðarskál hf, veitingasala, Stað Hrutafirði

Hólmavík

Hótel Matthildur, Höfðagötu 1

Norðurfjörður

Arneshreppur, Norðurfirði

Hvammstangi

Norðvesturbandalagið hf, Höfðabraut 6
Sparisjóður V-Húnavatnssýslu, Hvammstangabraut 5

Blönduós

Bólstaðarhlíðarhreppur, Húnaveri
Svinvatnshreppur, Hóli Svinadal

Skagaströnd

Skagahreppur, Tjörn
Söluskálinn Skagaströnd - Adolff J Berndsen, Oddagötu
Verkalýðs- og sjómannafélag Skagastrandar, Fellsborg

Sauðárkrúkur

Borg hf, trésmiðja, Borgarmýri 1
Hólahreppur, Hólum
KOM bókhaldsþjónusta, Viðihlíð 19
Lögræðiskrifaða Þorbjörns Árnasonar, Aðalgötu 21
Rípurhreppur, Ketu
Sauðárkrúksapótek, Hólavegi 16
Sauðárkrúksbakari, Aðalgötu 5
Skarðshreppur, Syðri-Ingvaldarstöðum
Skeifistadsahreppur, Hvalnesi
Verslun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22
Vélsmiðja Sauðárkrúks hf, Borgartúni 1

Varmahlíð

Akrahreppur, Framnesi

Hofsós

Bergey hf - Bergildur SK137, Suðurbraut

Siglufjörður

Berg hf, byggingafélag, Norðurgötu 16

Hótel Lækur hf, Lækjargötu 10

Vélaverkstæði Jóns og Erlings, Gránugötu 13

Akureyri

Arkitektastofa Svans Eiríkssonar, Hofsboti 4
Amarneshreppur, Ásgarði Hjalteyri
Baugsbrot sf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b
Bifreiðaverkstæði Gunnars Jóhannssonar, Öseyri 6
Dekkiahöllin, hjólabarðavöðgerðir, Draupnigötu 5
Dreki hf, Draupnigötu
Garðyrkjustöðin á Grísaró,
Glæsibæjarhreppur, Dagverðareyri
Haukur Valtýsson, Kaupangi við Mýrarveg
Hársnyrtistofan Samson, Sunnhlíð 12
Húsprýði sf, málningarverktakar, Múlasíðu 48
Íris sf, fatagerð, Grænumýri 10
Kaupfélag Eyfirðinga, Hafnarstræti 91-95
Lögmansstofa Akureyrar hf, Geislagötu 5
Norðurmýnd, Hafnarstræti 90
Nólastöðin Oddi hf, Norðurtanga 1
Passion, hársnyrtistofa, Hafnarstræti 88
Rafidn hf, Tungusíðu 4
Sjallinn, Geislagötu 14
Sjálfsbjörg, Bugðusíðu 1
Vaggan sf, barnavörverslun, Sunnhlíð 12
Verkval, verktaki, Hafnarstræti 19
Vörður, váttryggingafélag, Kaupvangsstræti 4
Ynja hf, fataverslun, Sunnhlíð 12
Óxnaðalshreppur, Auðnum

Grimsey

Sæbjörg hf, Öldutúni 3

Dalvík

Daltré hf, byggingarverktaki, Hafnarbraut 1
Endurskoðun Dalvík sf, Ráðhúsi
Gistihús Ytri-Vík, Kálfskinni, Árskögsstöðum
Svarfaðardalshreppur, Hóli, Svarfaðadal

Ólafsfjörður

Dvalarheimilið og Heilsugæsla Ólafsfjarðar,
Hárgreiðslustofan Ösk, Aðalgötu 1
Ólafsfjarðarbær, Ólafsvægi 4
Sigvaldi Þorleifsson hf, Aðalgötu 16

Hrísey

Rif hf, fiskverkun, Hólabraut 2

Húsavík

Fatahreinsun Húsavíkur sf, Tungötu 1
Fiskidýsumag Húsavíkur hf, Garðarsbraut 14
Hlað sf skoðeraframleiðsla, Árgötu 14
Húsavíkurkaupstaður, Ketilsbraut 9
Korri hf, Suðurgarði
Langanes hf, útgerð, Skólagerði 6
Reykjahreppur, Skógum 2
Sjúkrahús Þingeyinga, Auðbrekku 4
Skóbúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13
Tjarneshreppur, Ketilsstöðum
Uggi sf, fiskverkun, Hólabakka 23

sat upp á klettinum með víkingakonu sér við hlið. Við settumst í kringum hann og víkingakonan vakti hann hægt og rólega, andlit hans birtist og við sáum að hann var ljótur með rautt sítt skegg sem náði niður á maga. Á höfði hans var stór og mikill víkingahjálmur og á höndum hans voru stórir og miklir hringar. Hann byrjaði að tala táknmál og notaði stór og mikil handform. Hann sagði meðal annars að heyrnarlaus börn ættu að vera dugleg að ferðast á milli landa eins og víkingarnir gerðu hér forðum daga. Auk þess ættu þau að vera dugleg að læra og nota ekki eiturlyf, reykja ekki og ekki að drekka vín. Hann lagði áherslu á að heyrnarlaus börn ættu að vera meðvituð um menningu sína og leggja sig fram um að læra góða siði af öðrum. Auk þess sagði hann að heyrnarlaus börn ættu að vera dugleg að halda uppi heiðri norræna barna með því að hittast á barna- og æskulýðsmótum og hann benti einnig á að heyrnarlaus börn ættu að vera duglega að heimsækja Félag heyrnarlausra í sínu eigin heimalandi þar sem félagið á að gæta hagsmuna heyrnarlausra. Síðan lagðist hann í dvala aftur en rumskaði svo snögglega og benti einum að koma til sín, tók utan um hann og faðmaði hann, síðan kvöddu allir gamla heyrnarlausu víkinginn á þennan hátt. Þetta var eftirminnileg stund og óhætt er að segja að þessi vika liði þátttakendum seint úr minni.

Laugar

Sparisjóður Suður-Þingeyinga, Kjarna Laugum

Þórshöfn

Svalbarðshreppur, Gunnarsstöðum

Vopnafjörður

Verkalýðs- og sjómannafélag Vopnafjarðar, Lónabraut 4
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Bilasalan fell sf, Lagarbraut 4
Dogsverk hf, Vallarvegi
Innráðun og speglagerð, Tjarnarási 6
Svavar og Kolbrún, vörufutningur, Selási 29
Trésmiðja Guðna Þórarinnssonar, Másielli
Verkalýðsfélag Fljótalsþéðs, Miðvangi 2-4

Seyðisfjörður

Gullberg hf, útgerð, Langatanga 5
Tónskóli Seyðisfjarðar, Austurvegi 22

Reyðarfjörður

Vélaverkstæði Björns og Kristjáns sf, Hafnargötu 5

Eskifjörður

Ljósmyndastofa Vilbergs Guðnasonar, Strandgötu 43
Shellskálinn, Strandgötu 13

Neskaupstaður

Sildarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6
Sparisjóður Norðfjarðar, Egilsbraut 25
Tónspil, Hafnarbraut 2a
Viggó hf, Sæbakka 16

Fáskrúðsfjörður

Fáskrúðsfjarðarhreppur, Tungu 2
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga, Skólavegi 59
Verkalýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar,
Skólavegi 72

Höfn

Hársnyrti- og ljósastofa Ingibjargar, Hafnarbraut 40
Skinney hf, útgerð, Krasseyjarvegi 11

Fagurhólmur

Hofshreppur, Fagurhólmur 2

Selfoss

Árvirkinn ehf, Eyravegi 29
Biskupstungnahreppur, Aratungu
Fossveilar hf, Hrísmýri 4
Framsóknarfélag Árnassýslu, Efstadal
Horníð hf, matvöruverslun, Tryggvagötu 40
Mjólurkúbi Flóamanna, Austurvegi 65
Reykjaflöt hf, garðyrkjustöð, Reykjaflöt
Set ehf, plastiðnaður, Eyravegi 43
Sólheimar í Grímsnesi,
Veðisport, Eyrarvegi 15
Villingaholtshreppur, Mjósyndi
Ölfusá hf, Eyravegi 5

Hveragerði

Hamrar hf, plastiðnaður, Austurmörk 11
Ljósbrá, gistihús, Breiðumörk 25
Vinnuvélar A. Michelsen ehf, Austurmörk 4

Þorlákshöfn

Auðbjörg ehf, Öseyrarbraut 18
Fiskidýjan Ver, Öseyrarbraut 20
Fiskmarkaðurinn Þorlákshöfn hf, Hafnarskeiði 6
Ölfushreppur, Selvogsbraut 2

Eyrarbakki

Hárgreiðslustofa Ingibjargar Eiríksdóttur, Tungötu 13

Laugarvatn

Laugarðalshreppur, Laugarvatni Reykum

Flúðir

Hrunamannahreppur, Flúðum félagsheimili

Hella

Vörufell hf, heildverslun, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur

Hótel Hvolsvöllur, Hlíðarvegi 7
Nýja þvottahúsið, Stóragarði 6
Vestur-Landeyjahreppur, Bergþórshvoli

Kirkjubæjarklaustur

Bifreiðaverkstæði Gunnars

Vestmannaeyjar

Brimnes hf, Strandvegi 54
Drifa ehf, útgerðarfélag, Helgafellsbraut 17
Eyjabúð, Strandvegi 60
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun,
Ofanleitisvegi 15-19
Net hf, Hlíðarvegi 5
Páll Zophanássóson teiknistofa, Kirkjuvegi 23
Reynistaður sf, Vesturvegi 10
Sjómannafélagið Jöunn, Skólavegi 6
Sparisjóður Vestmannaeyja, Bárustig 15
Útgerðarfélagið Sæhamar hf, Flötum 31
Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, Miðstræti 11
Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu

Tyst Teater

Leiksýning á táknmáli



Lilla Mahagonny

eftir Bertholt Brecht
í leikstjórn Tom Fjordefalk.
Sýning mánudaginn 3. nóvember
í Loftkastalanum kl. 20.00.
Miðasala í Loftkastalanum,
Seljavegi 2 Reykjavík, sími 552 3000
Miðaverð kr. 1700,-

Shakespearian hit parade

Valdir kaflar úr verkum Shakespeares
í leikstjórn Tom Fjordefalk. Rómeó og
Júlía, Hamlet, Macbeth og fleiri.
Sýning þriðjudaginn 4. nóvember
í Loftkastalanum kl. 20.00.
Miðasala í Loftkastalanum,
Seljavegi 2 Reykjavík, sími 552 3000
Miðaverð kr. 1700,-



Mirad drengur frá Bosníu

eftir An De Bont í leikstjórn Tom Fjordefalk.
Leiksýning ætluð börnum 9 ára og eldri en hún
fjallar um drenginn Mirad og upplifun hans á
stríðsátökum í fyrrum Júgóslavíu.
Sýning miðvikudaginn 5. nóvember
í Loftkastalanum kl. 20.00.
Miðasala í Loftkastalanum, Seljavegi 2 Reykjavík,
sími 552 3000
Miðaverð kr. 500,-